



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Enska 1 (ENS3A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing:

Í ensku 1 er lögð áhersla á að nemendur þjálfí áfram færni sína í enskri málfræði og málnotkun í gegnum skrifleg verkefni, geti skilið daglegt mál og tjáð sig munnlega og skriflega á enskri tungu. Nemendur tileinka sér í einhverjum mæli grunnorðaforða vísinda og fræða (e. academic vocabulary), tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum yfir önnina. Þar að auki vinna nemendur sjálfstætt og í hópavinnu að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum. Nemendur sýni aukið sjálfstæði og eru virk í vinnubrögðum bæði í einstaklings- og hópavinnu. Fjölbreytt námsmat er lagt fyrir m.a. getur mat verið í formi sjálfsmats og jafningjamats að einhverju leyti.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 5 feiningum á 1. þrepi og 5 einingum á 2. þrepi.

Þrep

Áfanginn er á 3. þrepi

Einingafjöldi

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á

- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda og dýpri merkingu texta
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang, meginmál með afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- nota uppflettirit eða orðabækur

- taka þátt í almennum samræðum, bæði jafnframt innan kennslustofunnar og utan
- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði texta sem tengjast áhugasviði, fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt
- skrifa skipulegan texta og skipt í efnisgreinar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að meðal annars

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar, bókmenntatexta og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- tjá skýrt, lipurlega og blaðalaust fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem eiga við í textasmíð

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokamati í formi heimaprófs eða munnlegs mats (jafnvel hvoru tveggja).